

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi Hveravalla á Kili, Húnavatnshreppi.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkt eftirfarandi óverulega deiliskipulagsbreytingu fyrir Hveravelli á Kili.

Deiliskipulagsbreytingin nær til þjónustusvæðisins á Hveravöllum. Breytingin felur í sér breytta lagnaleið fyrir neysluvatn og hitaveitu ásamt ítarlegri kröfum varðandi frárennsli. Einnig er stígagerð um hverasvæðið skilgreind betur en áður var.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 17. desember 2013.

Bjarni Þór Einarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2014